

# 11. FUNDUR STJÓRNAR HUNDARÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

## STARFSÁRIÐ 2019-2020

Laugardaginn 15. febrúar kl. 18.00 var haldinn ellefti fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands. Fundurinn var símafundur.

Mætt voru: Herdís Hallmarsdóttir formaður, Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Guðni B. Guðnason, Heiðar Sveinsson og Þorsteinn Thorsteinson.

Guðný Isaksen framkvæmdastjóri HRFÍ tók þátt í fundinum.

Svava Björk Ásgeirsdóttir og Guðbjörg Guðmundsdóttir boðuðu forföll.

Þorsteinn Thorsteinson ritaði fundinn.

### Dagskrá:

#### 1. Tölvukerfi (fylgiskjöl 1, 2 og 3)

Guðný fer yfir stöðuna á núverandi tölvukerfi HRFÍ, Lukku, en staðan á kerfinu er grafalvarleg og ný vandamál koma upp á hverjum degi. Þá nefnir Guðný að ekki er hægt að skrá inn í Lukku niðurstöður augnskoðana, niðurstöður erfðaprófa og ekki niðurstöðu vinnu- og veiðiprófa. Ekki er hægt að skrá meðeigendur á suma hunda og það mun ekki vera hægt að útbúa rétt félagatal enda ekki hægt að fá réttar upplýsingar úr kerfinu um fjölda virkra félagsmanna. Þar að auki þá hættir forritið að virka nokkrum sinnum á dag.

Þorsteinn Kristinsson, sem skrifaði Lukku sem bráðabrigðalausn fyrir HRFÍ á sínum tíma, er boðinn og búinn til að aðstoða og segir hann hrikta í kerfinu. Vinna er hafin við að bjarga gögnum úr þessu gamla tölvukerfi en ljóst er að ef Lukka hrynur endanlega verður félagið ekki starfhæft.

HRFÍ býðst að kaupa tölvukerfi DKK fyrir mjög hagstætt verð. Fyrir liggur gróft kostnaðarmat á yfirfærslu, aðlögun og hýsingu á tölvukerfinu og eru allir stjórnarmenn sammála um nauðsyn þess að fara þessa leið en kostnaður mun dreifast á lengri tíma.

Gera má ráð fyrir 3-5 mánuðum til að taka upp nýtt tölvukerfi og flytja gögn félagsins yfir í nýja kerfið. Nýr gagnagrunnur hefur verið ræddur á síðustu tveimur aðalfundum HRFÍ og að nýtt kerfi verði tekið upp í þremur skrefum. Mikilvægt er að HRFÍ lagi sig að nýju tölvukerfi í stað þess að leggja í mikla þróun til að aðlaga kerfið að okkur, þannig má halda forritunarvinnu og öðrum kostnaði í lágmarki.

Ákveðið að boða til félagsfundar þar sem nýtt tölvukerfi verður kynnt vel. Á fundinum verður borin fram tillaga um að félagsmenn taki á sig auka greiðslu til fjármögnunar á þessu nýja kerfi, þetta yrði valgreiðsla sem send yrði í heimabanka allra félagsmanna.

Fundi slitið 19.00